




BYGGÐASTOFNUN

Þjónustukönnun Norðurland eystra



Þjónustukönnun Norðurland eystra



Byggðastofnun 2018

Titill: Þjónustukönnun Norðurland eystra

Framkvæmd þjónustukönnunar: Gallup

Höfundur skýrslu: Sigríður Elín Þórðardóttir

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 6 |
| Framkvæmdalýsing | 6 |
| Tölfræðileg úrvinnsla | 7 |
| Um notkun hugtaka | 8 |
| Helstu niðurstöður | 9 |
| Norðurland eystra | 10 |
| Búsetusvæði | 10 |
| Pátttaka | 10 |
| Menntun | 11 |
| Vinnumarkaður | 12 |
| Atvinnugreinaskipting | 13 |
| Atvinnusókn | 14 |
| Námsmenn | 15 |
| Þjónustusókn á Norðurlandi eystra | 16 |
| Akureyri | 22 |
| Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandahreppur, Grýtubakkahreppur, Hrísey og Grímsey | 28 |
| Húsavík og Tjörneshreppur | 34 |
| Norðurþing dreifbýli, Kópasker og Raufarhöfn | 40 |
| Fjallabyggð | 46 |
| Dalvíkurbyggð | 52 |
| Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur | 58 |

| | |
|---|----|
| Langanesbyggð og Svalbarðshreppur | 64 |
|---|----|

Tölur og myndir

| | |
|--|----|
| Tafla 1. Fjöldi þátttakenda 18-80 ára og hlutfall þeirra af íbúafjölda. | 10 |
| Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir stöðu á vinnumarkaði. | 12 |
| Mynd 1. búsetusvæðin á Norðurlandi eystra. | 10 |
| Mynd 2. Hæsta menntun þátttakenda eftir kyni. | 11 |
| Mynd 3. Hæsta menntun þátttakenda eftir búsetusvæðum. | 11 |
| Mynd 4. Hæsta menntun þátttakenda eftir búsetusvæðum. | 11 |
| Mynd 5. Hlutfallsleg skiptinga svarenda eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni. | 12 |
| Mynd 6. Hlutfallsleg skiptinga svarenda eftir atvinnugreinum. | 13 |
| Mynd 7. Helstu atvinnugreinar: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum og kyni. | 13 |
| Mynd 8. Hlutfall karla og kvenna sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn. | 14 |
| Mynd 9. Hlutfall svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn eftir búsetusvæðum þeirra. | 14 |
| Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá vinnu. | 15 |
| Mynd 11. Hlutfallsleg skiptinga svarenda eftir ferðamáta til og frá skóla. | 15 |
| Mynd 12. Þjónustusókn svarenda á Norðurlandi eystra. | 16 |
| Mynd 13. Þjónustueinkunn svarenda á Norðurlandi eystra. | 16 |
| Mynd 14. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni og aldurshópum. | 17 |
| Mynd 15. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir fjölskyldugerð. | 17 |
| Mynd 16. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir menntun. | 17 |
| Mynd 17. Meðalfjöldi skipta sem svarendur notuðu þjónustu heilsugæslu/heimilislækna eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 18 |
| Mynd 18. Meðalfjöldi skipta sem svarendur notuðu þjónustu sérfræðilækna eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 19 |

| | |
|---|----|
| Mynd 19. Meðalfjöldi skipta: svarendur sem fóru til tannlæknis eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 19 |
| Mynd 20. Meðalfjöldi skipta: svarendur sem fóru til sjúkrahjálfa. | 20 |
| Mynd 21. Meðalfjöldi skipta: svarendur sem fóru til sérfræðiráðgjafa. | 20 |
| Mynd 22. Heilbrigðisþjónustusókn svarenda eftir eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 21 |
| Mynd 23. Heilbrigðisþjónusta sem svarendur nefndu oftast að þeir hefðu sótt út fyrir búsetusvæði sitt. | 21 |
| Mynd 24. Þjónustusókn svarenda á Akureyri. | 22 |
| Mynd 25. Þjónustueinkunn svarenda á akureyri. | 22 |
| Mynd 26. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 23 |
| Mynd 27. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 24 |
| Mynd 28. Hlutfallsleg skiptinga svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 25 |
| Mynd 29. Hlutfall svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 26 |
| Mynd 30. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu. | 27 |
| Mynd 31. Þjónustusókn svarenda í Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppi, Grýtubakkahreppi, Hrísey og Grímsey. | 28 |
| Mynd 32. Þjónustueinkunn svarenda í Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppi, Grýtubakkahreppi, Hrísey og Grímsey. | 28 |
| Mynd 33. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 29 |
| Mynd 34. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 30 |

| | |
|--|----|
| Mynd 35. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila | 31 |
| Mynd 36. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila | 32 |
| Mynd 37. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 33 |
| Mynd 38. Þjónustusókn svarenda á Húsavík og Tjörneshreppi. | 34 |
| Mynd 39. Þjónustueinkunn svarenda á Húsavík og Tjörneshreppi. | 34 |
| Mynd 40. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 35 |
| Mynd 41. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 36 |
| Mynd 42. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 37 |
| Mynd 43. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 38 |
| Mynd 44. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu..... | 39 |
| Mynd 45. Þjónustusókn svarenda í dreifbýli Norðurbings, á Kópaskeri og Raufarhöfn..... | 40 |
| Mynd 46. Þjónustueinkunn svarenda í dreifbýli Norðurbings, á Kópaskeri og Raufarhöfn..... | 40 |
| Mynd 47. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 41 |
| Mynd 48. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 42 |
| Mynd 49. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 43 |

| | |
|--|----|
| Mynd 50. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 44 |
| Mynd 51. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburðir og notuðu afþreyingu. | 45 |
| Mynd 52. Þjónustusókn svarenda í Fjallabyggð..... | 46 |
| Mynd 53. Þjónustueinkunn svarenda í Fjallabyggð. | 46 |
| Mynd 54. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 47 |
| Mynd 55. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinber þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 48 |
| Mynd 56. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 49 |
| Mynd 57. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 50 |
| Mynd 58. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 51 |
| Mynd 59. Þjónustusókn svarenda í Dalvíkurbyggð..... | 52 |
| Mynd 60. Þjónustueinkunn svarenda í Dalvíkurbyggð..... | 52 |
| Mynd 61. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 53 |
| Mynd 62. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 54 |
| Mynd 63. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 55 |
| Mynd 64. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila..... | 56 |
| Mynd 65. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 57 |
| Mynd 66. Þjónustusókn svarenda í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. | 58 |

Þjónustukönnun Norðurland eystra

| | |
|--|----|
| Mynd 67. Þjónustueinkunn svarenda í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. . | 58 |
| Mynd 68. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 59 |
| Mynd 69. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 60 |
| Mynd 70. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 61 |
| Mynd 71. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 62 |
| Mynd 72. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 63 |
| Mynd 73. Þjónustusókn svarenda í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi. | 64 |
| Mynd 74. Þjónustueinkunn svarenda í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi. . | 64 |
| Mynd 75. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 65 |
| Mynd 76. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 66 |
| Mynd 77. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 67 |
| Mynd 78. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 68 |
| Mynd 79. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. | 69 |
| Mynd 80. Orðaský: Þjónusta sem oftast var nefnd er mest áberandi. | 70 |
| Mynd 81. Hlutfallsleg skipting svarenda sem voru með Costco aðildarkort og þeirra sem voru ekki með aðildarkort. | 70 |

Inngangur

Samkvæmt Byggðaáætlun 2014-2017 á að meta aðgengi íbúa að þjónustu og setja fram tillögur til úrbóta. Ákveðið var að skoða fyrst þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra og nota þá könnun sem fyrirmynd fyrir verklag við sambærilegar kannanir í öðrum landshlutum. Þjónustukönnun var framkvæmd á Norðurlandi vestra haustið 2015 og niðurstöður birtar og kynntar í apríl 2016.

Framkvæmdalýsing

Undirbúningur að framkvæmd þjónustukannana á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum hófst haustið 2016 í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Könnunin fór fram í júní-október 2017 og sá Gallup um þá vinnu. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr viðhorfahópi Gallup og Þjóðskrár, skipt eftir póst- eða sveitarfélagsnúmerum. Þessi úrtaksaðferð er algeng þar sem þýðið er mjög lítið í nokkrum laganna, búsetusvæði í þessu tilviki. Til að auka alhæfingargildi niðurstaðna fyrir það svæði er fleiri svörum safnað á fámönnum búsetusvæðum en myndu hafa safnast ef tekið er einfalt tilviljunarúrtak úr landshlutanum öllum. Um var að ræða blandaða net- og símakönnun. Þátttakendur í viðhorfahópi fengu senda vefslóð í tölvupósti sem vísaði í könnunina. Samhliða hringdu spýrlar Gallup í þjóðskrárhluta úrtaksins og buðu þátttakendum að svara könnuninni á netinu eða í síma. Þrjár áminningar voru sendar til þátttakenda í tölvupósti.

Í könnuninni var leitað svara við því hvert og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Lögð var áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi eftir búsetusvæðum. Spurt var um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (árlega). Einnig var lögð áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi innan hvers landshluta. Hverjum landshluta var því skipt upp í búsetusvæði eða þjónustusóknarsvæði í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Hér er litið svo á að þjónustusókn íbúa innan hvers búsetusvæðis sé í meginatriðum lík en að þjónustusókn geti verið ólík eftir búsetusvæðum innan hvers landshluta. Suðurnesjum var skipt upp í fimm búsetusvæði, Vesturlandi í fimm, Vestfjörðum í fjögur, Norðurlandi eystra í átta, Austurlandi í fimm og Suðurlandi í átta búsetusvæði, samtals 35 búsetusvæði.

Úrtakið var 21.350 manns á aldrinum 18-80 ára með lögheimili í janúar 2017 á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Alls tóku 8.859 íbúar þátt í könnuninni eða 10,6% íbúa af heildaríbúafjölda í landshlutunum þann 1. janúar 2017 eins og miðað er við í umfjölluninni hér, en hlutfallið er 10,1% af íbúafjölda 1. janúar 2018.

| | Úrtak úr þýði 18-80 ára | Svarhlutfall | Fjöldi þátttakenda í könnuninni 18-80 ára | Fjöldi íbúa 18-180 ára 2017 | Fjöldi íbúa 18-80 ára 2018 | Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2017 | Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2018 |
|-------------------|----------------------------|--------------|--|-----------------------------------|----------------------------------|--|--|
| Suðurnes | 3500 | 34% | 1169 | 17423 | 19011 | 6,7% | 6,1% |
| Vesturland | 2850 | 46% | 1385 | 11455 | 11800 | 12,1% | 11,7% |
| Vestfirðir | 1650 | 48% | 776 | 5032 | 5179 | 15,4% | 15,0% |
| Norðurland eystra | 5100 | 41% | 2079 | 21579 | 22294 | 9,6% | 9,3% |
| Austurland | 2150 | 49% | 1051 | 7489 | 7622 | 14,0% | 13,8% |
| Suðurland | 6100 | 39% | 2399 | 20328 | 21382 | 11,8% | 11,2% |
| Samtals | 21350 | | 8859 | 83306 | 87288 | 10,6% | 10,1% |

Þjónustukönnun Norðurland eystra


Svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum en nánari greining á fjölda þátttakenda eftir búsetusvæðum er í umfjöllun um hvern landshluta fyrir sig.

Tölfræðileg úrvinnsla

Þar sem úrtakið í hverjum landshluta var ekki hlutfallslega rétt lagskipt eftir búsetusvæðum voru gögnin vigtuð í úrvinnslu til samræmis við íbúafjölda á búsetusvæðum sem voru til skoðunar. Auk þess tók vigtun mið af kyn- og aldurskiptingu á hverju búsetusvæði fyrir sig. Þetta er gert til að heildarniðurstöður fyrir landshluta sé í samræmi við íbúafjölda eftir búsetusvæðum í landshlutanum. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS (Statistical Package for Social Science) og sá Gallup um þá vinnu.

Umfjöllunin byggir fyrst og fremst á greiningu svara eftir búsetusvæðum og þjónustusókn. Bakgrunnur þátttakenda er greindur eftir kyni, menntun, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugreinum og atvinnusókn fyrir hvern landshluta fyrir sig. Hér verður ekki fjallað um hvort þjónustusókn þátttakenda eftir bakgrunni sé mismunandi eða ekki, það er engu að síður afar áhugavert að skoða það nánar.

Niðurstöður eru settar fram í myndum eftir því sem við á sem sýna svarhlutföll einstakra spurninga eftir staðsetningu þjónustuaðila.



Radarmyndir eru m.a. notaðar til að varpa ljósi á hvert algeng þjónusta var sótt. Bláa línan sýnir hlutfall þátttakenda sem sóttu tiltekna þjónustu til þjónustuaðila á Akureyri, appelsínugula línan er viðbót við bláu línuna, grúa línan er viðbót við bláu og/eða appelsínugulu línuna. Radarmyndin hér að ofan sýnir m.a. að 80% þátttakenda fóru í sund Akureyri og 10% fóru í sund annars staðar á Norðurlandi eystra, sem bilið á milli á bláu línunnar og þeirrar appelsínugulu sýnir. Allir þátttakendur sem fóru á almenningsbókasafn sóttu þjónustuna til Akureyrar.

Brottfallið var yfirleitt á bilinu 5-15% í spurningunum, við úrvinnslu var litið svo á að þeir sem svöruðu ekki höfðu ekki nýtt þjónustuna.

Um notkun hugtaka

Dagvöruverslun: Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir aðrar dagvöruverslanir en Bónus, Krónuna og Nettó.

Lágvöruverðsverslun: Verslun sem selur dagvörur á lágu verði, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir Bónus, Krónuna og Nettó.

Landfræðilegur markaður: Stærð landfræðilegs markaðs veltur m.a. að því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við þjónustuaðilana. Sérstaklega skiptir máli hver yrði tíma- og ferðakostnaður neytandans við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Oft er miðað við að dagvöruverslanir geti að öðru jöfnuðu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun, eða um það bil 20 km fjarlægð frá verslun. Þessi viðmið verður þó að skoða með teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og á hverju búsetsvæði fyrir sig.

Þjónustusókn: Þjónustusókn endurspeglar aðeins þá þjónustupætti sem spurt var um í könnuninni. Í myndum um þjónustusókn íbúa eftir landshlutum og búsetusvæðum er eingöngu tekið tillit til hvert íbúar sóttu þjónustuna síðast, ekki er tekið tillit til hversu oft þeir sóttu þjónustuna. Suma þjónustu sækja íbúar oft en aðra sjaldan. Tekið var meðaltal allra þjónustupátta sem spurt var um sem gefur góða mynd af því hvert íbúar sækja þá þjónustu sem þeir voru spurðir um.

Höfuðborgarsvæðið: Samheiti yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

Helstu niðurstöður

Þátttakendur búsettir á Akureyri og Húsavík/Tjörneshreppi sóttu meirihluta þjónustunnar til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði, þátttakendur frá Húsavík og Tjörneshreppi sóttu hlutfallslega aðeins meiri þjónustu til þjónustuaðila á Akureyri en til höfuðborgarsvæðisins.

Þjónustusókn þátttakenda á búsetusvæði sem samanstendur af Eyjarfjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandahreppi, Hrísey og Grímsey var í meginatriðum til Akureyrar.

Þátttakendur í Fjallabyggð sóttu rúmlega helming þjónustunnar til þjónustuaðila á búsetusvæðinu og þeir sóttu hlutfallslega mun meiri þjónustu til Akureyrar en til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar sóttu þátttakendur í Dalvíkurbyggð hlutfallsleg meiri þjónustu til þjónustuaðila á Akureyri en til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði.

Þjónustusókn þátttakenda í dreifbýli Norðurlands eystra, Kópaskeri og Raufarhöfn er dreifist hlutfallslega nokkuð jafnt til þjónustuaðila á Húsavík, Akureyri og til þjónustuaðila á búsetusvæðinu en þó var hlutfallsleg mest þjónusta sótt til Húsavíkur. Hins vegar var þjónustusókn þátttakenda í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi þannig að þeir sóttu um þriðjung þjónustunnar til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði og hlutfallslega mun meiri þjónustu til Akureyrar en til Húsavíkur.

Þátttakendur búsettir í Fjallabyggð, í dreifbýli Norðurlands eystra, á Kópaskeri og Raufarhöfn og í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi sóttu hlutfallslega meiri þjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu en þátttakendur á öðrum búsetusvæðum.

Þátttakendur búsettir á Akureyri voru líklegri en þátttakendur á öðrum búsetusvæðum á Norðurlandi eystra til þess að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn.

Norðurland eystra

Búsetusvæði



Þjónustusókn íbúa á Norðurlandi eystra var greind eftir átta búsetusvæðum (tafla 1 og mynd 1).

Þátttaka

Þann 1. janúar 2017 voru 21.680 íbúar á Norðurlandi eystra á aldrinum 18-80 ára, þar af voru 10.588 konur og 11.092 karlar. Alls tóku 2.079 manns þátt í könnuninni eða 9,6% íbúa á aldrinum 18-80 ára (tafla 1). Kynjahlutfall svarenda var nokkuð jafnt eða 51% konur og 49% karlar. Á Norðurlandi eystra var 5.100 manns boðið að taka þátt í könnuninni, svarhlutfall var 41%.

TAFLA 1. FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA 18-80 ÁRA OG HLUTFALL ÞEIRRA AF ÍBÚAFJÖLDA.


| Búsetusvæði | Hlutfall þátttakenda | |
|---|------------------------------|-------------------------|
| | Fjöldi þátttakenda 18-80 ára | af íbúafjölda 18-80 ára |
| Akureyri | 477 | 3,6% |
| Dalvíkurbyggð | 288 | 21,9% |
| Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hrísey og Grímsey | 309 | 16,0% |
| Fjallabyggð | 269 | 17,5% |
| Húsavík og Tjörneshreppur | 350 | 21,0% |
| Langanesbyggð og Svalbarðshreppur | 88 | 20,3% |
| Norðurþing dreifbýli, Kópasker og Raufarhöfn | 90 | 15,6% |
| Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur | 208 | 20,1% |
| Heildarfjöldi þátttakenda | 2079 | |
| Heildarfjöldi íbúa 18-80 ára | 21.680 | 9,6% |



MYND 1. BÚSETUSVÆÐIN Á NORÐURLANDI EYSTRA.


Menntun

Niðurstöður um menntun þátttakenda byggja á svörum frá 902 konum og 920 körlum. Spurt var: Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?




MYND 2. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR KYNI.

Hlutfallslega flestir karlar eða 53% voru með framhaldsskólapróf, en flestar konur voru með háskólapróf eða 46%. Hlutfallslega voru fleiri konur með grunnskólapróf sem hæstu menntun en karlar, 22% á móti 17% (mynd 2).



MYND 3. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.



MYND 4. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

Á öllum búsetusvæðunum höfðu hlutfallslega flestir lokið framhaldsskólaprófi nema á Akureyri, þar voru hlutfallslega flestir með háskólapróf sem hæstu menntun eða 44% (mynd 3 og mynd 4).


Vinumarkaður

Rúmlega 89% þátttakenda svöruðu spurningunni um stöðu á vinnumarkaði eða samtals 1.858 manns (tafla 2).

TAFLA 2. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.

| Staða á vinnumarkaði | Fjöldi | Hlutfall |
|---|--------------|---------------|
| Í fullu starfi sem launþegi | 931 | 50,1% |
| Öryrki/ellilífeyrisþegi | 347 | 18,7% |
| Atvinnurekandi/einyrki/sjálfstætt starfandi | 205 | 11,0% |
| Í hlutastarfi sem launþegi | 196 | 10,6% |
| Í vinnu og námi | 79 | 4,3% |
| Í leyfi eða fæðingarorlofi | 37 | 2,0% |
| Í námi | 31 | 1,6% |
| Í atvinnuleit eða á milli starfa | 26 | 1,4% |
| Heimavinnandi | 6 | 0,3% |
| Fjöldi svara | 1.858 | 100% |
| Tóku afstöðu | 1.858 | 89,4% |
| Tóku ekki afstöðu | 221 | 10,6% |
| Heildarfjöldi þátttakenda | 2.079 | 100,0% |

Hér er litið svo á virkir á vinnumarkaði eru þeir sem eru í fullu starfi og hlutastarfi sem launþegar, atvinnurekendur, einyrkjar og sjálfstætt starfandi og þeir sem eru í vinnu og námi. Af þeim sem tóku afstöðu voru 1.411 manns virkir á vinnumarkaði, eða 76%.



MYND 5. HLUTFALLSLEG SKIPTINGA SVARENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI OG KYNI.

Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru í fullu starfi, 61% á móti 39% og 3% karla voru í hlutastarfi en 18% kvenna (mynd 5).


Niðurstöður benda m.a. til þess að karlar séu líklegri til þess að vera atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi eða einyrkjar en konur.

Atvinnugreinaskipting



MYND 6. HLUTFALLSLEG SKIPTINGA SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM.

Þeir sem voru virkir á vinnumarkaði voru spurðir í hvaða atvinnugrein aðalstarf þeirra væri. Alls svöruðu 1.359 manns eða 96% aðspurðra. Flestir störfuðu við heilbrigðis- og félagsþjónustu og næstflestir við fræðslustarfsemi (mynd 6). Atvinnugreinaflokkun eftir kyni er háð annmörkum þar sem hlutfallslega fáir starfa í mörgum atvinnugreinum. Í atvinnugreinum þar sem hlutfallslegur fjöldi er undir 5,3% eru gögnin ekki greind eftir kyni.




MYND 7. HELSTU ATVINNUGREINAR: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM OG KYNI.

Hlutfallslega störfuðu flestar konur eða 26% við fræðslustarfsemi og 23% við heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hlutfallslega störfuðu flestir karlar eða 13% í byggingariðnaði og 10% við verslun og viðgerðir ökutækja (mynd 7).

Atvinnusókn


Þeir sem voru virkir á vinnumarkaði voru spurðir hvort þeir sækja vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir búa. Alls voru 1.411 manns virkir á vinnumarkaði, 98% þátttakenda svöruðu spurningunni.

Af þeim sem tóku afstöðu sóttu 25% þátttakenda vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir bjuggu.



MYND 8. HLUTFALL KARLA OG KVENNA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.

Hlutfallslega sóttu fleiri karlar en konur vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þau bjuggu, eða 28% karla og 20% kvenna (mynd 8).




MYND 9. HLUTFALL SVARENDNA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN EFTIR BÚSETUSVÆÐUM ÞEIRRA.

Rúmlega helmingur þátttakenda í dreifbýli Norðurling, Kópaskeri og Raufarhöfn sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið og/eða sveitabæinn. Hlutfallslega sóttu fæstir þátttakendur frá Akureyri vinnu út fyrir þéttbýlið (mynd 9).

Þjónustukönnun Norðurland eystra

Allir sem voru virkir á vinnumarkaði voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá vinnu, 98% tóku afstöðu.




MYND 10. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ VINNU.

Meirihluti ferðaðist oftast með einkabíl til og frá vinnu eða um 59%, 18% fóru gangandi og um 10% fóru hjólandi (mynd 10).

Námsmenn

Alls voru 110 manns í námi og þar voru 47 í skóla annars staðar en í sinni heimabyggð. Flestir voru í skóla á Akureyri eða um 55% en 35% á höfuðborgarsvæðinu.


Allir sem voru í námi voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá skóla, 109 svöruðu.



MYND 11. HLUTFALLSLEG SKIPTINGA SVARENDA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ SKÓLA.

Meirihluti ferðaðist með einkabíl eða rúm 69% og 19% fóru gangandi og rúm 5% með almenningssamgöngum (mynd 11).


Þjónustusókn á Norðurlandi eystra



MYND 12. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á NORÐURLANDI EYSTRÁ.

Í heildina var rúmlega 72% þjónustunnar sótt til fyrirtækja og stofnana á Akureyri, rúm 8% til Húsavíkur, 4% þjónustuaðila í Fjallabyggð, um 3% til Dalvíkur og rúm 6% til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 12).


Þjónustueinkunn



MYND 13. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á NORÐURLANDI EYSTRÁ.

Alls tóku 90% þátttakenda afstöðu og gáfu þjónustunni í sínu sveitarfélagi einkunn á kvarðanum 1-10. Rúmlega helmingur svarenda gaf þjónustunni ágættiseinkunn, á bilinu 8-10 og fjórir af hverjum tíu gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (mynd 13).


Þjónustukönnun Norðurland eystra



MYND 14. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR KYNI OG ALDURSHÓPUM.


Konur voru líklegri en karlar til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn. Niðurstöðurnar benda til þess eftir því sem fólk eldist sé það líklegra til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn. Um 63% svarenda sem voru eldri en 67 ára gáfu þjónustunni ágætiseinkunn á móti 46% svarenda sem voru 40 ára og yngri (mynd 14).

Nánar er greint frá hvaða einkunn þátttakendur gáfu þjónustunni eftir búsetusvæðum í umfjöllunum um hvert svæði fyrir sig.



MYND 15. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FJÖLSKYLDUGERÐ.

Þátttakendur með þrjú eða fleiri börn á heimilinu voru ólíklegastir til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn, þeir sem bjuggu einir voru líklegastir til að gefa þjónustunni einkunn á bilinu 8-10 (mynd 15).



MYND 16. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR MENNTUN.

Þátttakendur með háskólapróf sem hæstu menntun voru líklegast til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 16).

Heilbrigðisþjónusta

Umfjöllunin um heilbrigðisþjónustuna sem spurt var um byggir á svörum frá um 95% þátttakenda.

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna og kynjahlutfall notenda

- 70% fóru á heilsugæslustöð/til heimilislæknis
47% karlar og 53% konur
- 43% fóru til sérfræðilæknis
45% karlar og 55% konur
- 57% fóru tannlæknis
48% karlar og 52% konur
- 23% fóru til sjúkraþjálfara
43% karlar og 57% konur
- 10% fóru til sérfræðiráðgjafa (s.s. sálfræðings, félagsráðgjafa)
33% karlar og 67% konur.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustuna?




MYND 17. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM SVARENDAR NOTUÐU ÞJÓNUSTU HEILSUGÆSLU/HEIMILISLÆKNA EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þeir sem notuðu þjónustu heilsugæsluna og/eða fóru til heimilislæknis á Raufarhöfn fóru að meðaltali oftast eða í 5,3 skipti en þeir sem notuðu þjónustuna á Grenivík fóru sjaldnast eða í 2,6 skipti (mynd 17).

Konur notuðu þjónustu heilsugæslunnar/heimilislæknis í þrjú skipti á móti tveimur skiptum karla. Svarendur með börn á heimilinu fóru oftast en þeir sem bjuggu einir.

Þjónustukönnun Norðurland eystra



MYND 18. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM SVARENDUR NOTUÐU ÞJÓNUSTU SÉRFRÆÐILÆKNA EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.


Þeir sem fóru til sérfræðilæknis á Akureyri fóru oftast eða í 3,1 skipti (mynd 18). Konur fóru að meðaltali tvisvar sinnum oft en karlar til sérfræðilæknis.



MYND 19. MEÐALFJÖLDI SKIPTA: SVARENDUR SEM FÓRU TIL TANNLÆKNIS EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þeir sem nýttu sér tannlæknaþjónustu á Dalvík fóru oftast, eða í 6,6 skipti, en flestir fóru tvisvar sinnum á tólf mánaða tímabili (mynd19).


Þjónustukönnun Norðurland eystra



MYND 20. MEÐALFJÖLDI SKIPTA: SVARENDUR SEM FÓRU TIL SJÚKRAÞJÁLFA.

Þeir sem notuðu þjónustu sjúkraþjálfara á Akureyri fóru oftast eða í 18,1 skipti (mynd 20).

Konur fóru oftast til sjúkraþjálfara en karlar eða í fimm skipti á móti þremur. Elsti aldurshópurinn fór tvisvar sinnum oftast en þeir sem voru 40 ára eða yngri.




MYND 21. MEÐALFJÖLDI SKIPTA: SVARENDUR SEM FÓRU TIL SÉRFRÆÐIRÁÐGJAFNA.

Þátttakendur sem sóttu þjónustu til sérfræðiráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðalatali í 8,6 skipti en þeir sem notuðu þjónustuna á Norðurlandi eystra fóru í 5,1 til 5,7 skipti að meðaltali (mynd 21).

Konur fóru oftast til sérfræðiráðgjafa en karlar og svarendur með börn yngri en 18 ára fóru oftast en þeir sem bjuggu einir.

Þjónustukönnun Norðurland eystra



MYND 22. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA EFTIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi flestir eða 91% notuðu þjónustu heilsugæslustöðva og/eða heimilislækna og 92% fóru til sjúkraþjálfara á Norðurlandi eystra, flestir nýttu þjónustuna í sínu nærumhverfi. Könnunin leiddi í ljós að 85% þátttakenda fóru til sérfræðilækna á Norðurlandi eystra, þar af fóru 80% til sérfræðilæknis á Akureyri en um 14% sóttu þjónustuna til höfuðborgarsvæðisins. Um 86% sóttu þjónustu sérfræðiráðgjafa til þjónustuaðila á Norðurlandi eystra, þar af sóttu 72% þátttakenda þjónustuna til aðila á Akureyri en 12% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 22).




MYND 23. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA SEM SVARENDUR NEFNDU OFTAST AÐ ÞEIR HEFÐU SÓTT ÚT FYRIR BÚSETUSVÆÐI SITT.

Orðaský unnið úr opnum svörum um heilbrigðisþjónustu sem þátttakendur sóttu út fyrir sitt búsetusvæði. Þjónusta sem oftast er nefnd er mest áberandi í orðaskýinu. Flestir fóru til augnlæknis (mynd 23). Heilbrigðisþjónustan sem þátttakendur nefndu var oftast sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu en einnig til Akureyrar.

Akureyri

Þann 1. janúar 2017 voru 13.183 íbúar á Akureyri á aldrinum 18-80 ára, þar af voru konur 6.644 og karlar 6.539. Alls tóku 477 manns þátt í könnuninni eða 3,6% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


Þjónustusókn



MYND 24. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á AKUREYRI.

Þátttakendur búsettir á Akureyri sóttu um 91% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Akureyri og rúm 5% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðisins (mynd 24).

Þjónustueinkunn



MYND 25. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á AKUREYRI.

Meirihluti þátttakenda eða 57% gáfu þjónustunni ágætiseinkunn, 39% sæmlega einkunn og um 4% lága einkunn (mynd 25).

Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 94% fóru í lágvöruverðsverslun
- 69% fóru í dagvöruverslun
- 73% fóru í apótek
- 64% fóru í bakarí
- 50% fóru í vínbúð
- 24% fóru á almenningsbókasafn
- 22% fóru í líkamsrækt
- 43% fóru í sund
- 65% fóru á skyndibitastað
- 87% tóku eldsneyti.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem nýttu þjónustuna fyrirtækja og stofnana á Akureyri fóru að meðaltali í:

- 7,7 skipti í lágvöruverðsverslun
- 4,2 skipti í dagvöruverslun
- 1,9 skipti í apótek
- 2,8 skipti í bakarí
- 2,2 skipti í vínbúð
- 2 skipti á almenningsbókasafn

- 11,8 skipti í líkamsrækt
- 5,9 skipti í sund
- 3,6 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 2,8 skipti.



MYND 26. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þátttakendur búsettir á Akureyri sóttu síðast nær alla algenga þjónustu sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Akureyri. Um 9% fóru síðast í sund annars staðar en á Akureyri en innan landshlutans. Um 5% þátttakenda fóru í sund og 5% fóru á skyndibitastað á höfuðborgarsvæðinu (mynd 26).

Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 16% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 82% fóru á pósthús
- 45% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana á Akureyri nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 3,9 skipti
- pósthjónustu í 10,6 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 2,7 skipti.



MYND 27. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakendur sóttu síðast þjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Akureyri. Um 17% þátttakenda sóttu þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og 8% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila erlendis (mynd 27).

Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 8% notuðu lögfræðiþjónustu
- 14% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 19% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 58% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 87% notuðu bankaþjónustu.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja á Akureyri nýttu að meðaltali:

- lögfræðiþjónustu í 2,6 skipti
- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 4,2 skipti
- fasteignasölu í 2,2 skipti
- tryggingafélag í 2,2 skipti
- bankaþjónustu í 10 skipti.



MYND 28. HLUTFALLSLEG SKIPTINGA SVARENDNA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAPJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti fjármálaþjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Akureyri. Fjórðungur sótti síðast lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 28).

Sérvöruverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:


- 71% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 56 % fóru í símaverslun
- 42% fóru í húsgagnaverslun
- 61% fóru í raftækjaverslun
- 78% fóru í byggingavöruverslun
- 54% fóru í skóverslun
- 78% fóru í fataverslun
- 61% fóru í bókaverslun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi þjónustu sérvöruverslana? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á Akureyri fóru að meðaltali í:

- 4,5 skipti í gjafvöruverslun/blómabúð
- 2,6 skipti í símaverslun
- 3,2 skipti í húsgagnaverslun
- 3,2 skipti í raftækjaverslun
- 11,8 skipti í byggingavöruverslun
- 2,3 skipti í skóverslun
- 6,1 skipti í fataverslun

- 6,2 skipti í bókaverslun.



MYND 29. HLUTFALL SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVESLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti sótti síðast þjónustu sérvöruverslana til þjónustuaðila á Akureyri. Um 14% fór síðast í skóverslun og 11% í fataverslun erlendis (mynd 29).

Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 19% fóru á listsýningu
- 51% fóru á tónleika
- 24% fóru í leikhús
- 77% fóru á veitingahús
- 62% fóru í kvikmyndahús.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á Akureyri fóru að meðaltali í:

- 3,9 skipti á listsýningu
- 3,5 skipti á tónleika
- 2 skipti í leikhús
- 9 skipti á veitingahús
- 4 skipti í kvikmyndahús.




MYND 30. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AFÞREYINGU.

Afgerandi meirihluti sótti menningarviðburð og afþreyingu til þjónustuaðila á Akureyri. Um 30% þátttakenda fóru síðast í leikhús á höfuðborgarsvæðinu og 11% á tónleika, þá fóru 8% á veitingahús og 3% í leikhús erlendis (mynd 30).

Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hrísey og Grímsey

Þann 1. janúar 2017 voru 1.929 íbúar á aldrinum 18-80 ára á búsetusvæðinu, þar af voru 915 konur og 1.014 karlar. Alls tóku 309 manns þátt í könnuninni eða 16% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


Þjónustusókn



MYND 31. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í EYJAFJARÐARSVEIT, HÖRGÁRSVEIT, SVALBARÐSSTRANDARHREPPI, GRÝTUBAKKAHREPPI, HRÍSEY OG GRÍMSEY.

Þátttakendur sóttu rúm 84% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Akureyri, rúm 5% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðisins og um 3% til Grenivíkur (mynd 31).

Þjónustueinkunn



MYND 32. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í EYJAFJARÐARSVEIT, HÖRGÁRSVEIT, SVALBARÐSSTRANDARHREPPI, GRÝTUBAKKAHREPPI, HRÍSEY OG GRÍMSEY.

Meirihluti þátttakenda gaf þjónustunni ágætiseinkunn eða 52% og 38% gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (mynd 32).

Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:

- 92% fóru í lágvöruverðsverslun
- 59% fóru í dagvöruverslun
- 70% fóru í apótek
- 55% fóru í bakarí
- 47% fóru í vínbúð
- 16% fóru á almenningsbókasafn
- 15% fór í líkamsrækt
- 42% fór í sund
- 56% fór á skyndibitastað
- 93% tóku eldsneyti.


Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þátttakendur sem sótti þjónustuna til fyrirtækja og stofnana á Grenivík fóru að meðaltali í.

- 10 skipti í dagvöruverslun
- 9,8 skipti á almenningsbókasafn
- 8,6 skipti í líkamsrækt
- 8,6 skipti í sund
- fóru í 1,8 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 4,7 skipti.

Þátttakendur sem nýttu þjónustuna í Hrísey fóru að meðaltali í 7,3 skipti í dagvöruverslun og 9,3 skipti í sund.

Þátttakendur sem nýttu þjónustuna í Grímsey fóru að meðaltali í 13,7 skipti í dagvöruverslun.



MYND 33. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Í meginatriðum sóttu þátttakendur á búsetusvæðinu nær alfarið algenga þjónustu sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Akureyri. En 15% þátttakenda fóru síðast dagvöruverslun, 19% fóru í líkamsrækt og 16% í sund og 6% á skyndibitastað á Grenivík. Um 7% þátttakenda fóru síðast í dagvöruverslun og um 5% fóru síðast í sund í Hrísey og 5% þátttakenda fóru í dagvöruverslun í Grímsey (mynd 33).

Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 13% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 72% fóru á pósthús
- 46% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana á búsetusvæðinu nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 3,9 skipti
- pósthjónustu í 10,6 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 2,7 skipti.



MYND 34. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA

Flestir þátttakendur sóttu síðast þjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Akureyri. Um 17% þátttakenda notuðu pósthjónustu og 7% þátttakenda sóttu þjónustu sí- og endurmenntunarstöðva til þjónustuaðila á búsetusvæðinu (mynd 34).

Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 9% notuðu lögfræðiþjónustu
- 30% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 12% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 55% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 86% notuðu bankaþjónustu.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja á búsetusvæðinu nýttu að meðaltali:

- bankaþjónustu í 7,4 skipti.




MYND 35. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA

Meirihluti þátttakenda sótti fjármálaþjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Akureyri. Fjórðungur sótti síðast lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 35).

Sérvöruverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 57% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 51 % fóru í símaverslun
- 32% fóru í húsgagnaverslun
- 57% fóru í raftækjaverslun
- 80% fóru í byggingavöruverslun
- 51% fóru í skóverslun
- 72% fóru í fataverslun
- 55% fóru í bókaverslun.



MYND 36. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA

Flestir þátttakendur nýttu síðast þjónustu sérvöruverslana á Akureyri. Um 16% þátttakenda versluðu síðast í húsgagnaverslun á höfuðborgarsvæðinu. Um 12% versluðu síðast skó og 11% fatnað erlendis.

Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 15% fóru á listsýningu
- 57% fóru á tónleika
- 33% fóru í leikhús
- 82% fóru á veitingahús
- 52% fóru í kvikmyndahús.

Tíðni notkunar

